

Fundargerð stjórnar BÍS 20/2010.

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123, miðvikudaginn 20. október 2010 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, fulltrúi alþjóðaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs.

Gestur undir liðum 8 og 10:

Pétur A Maack, fjármálastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna. BB greindi frá því að Jón Þór Gunnarsson verði fulltrúi alþjóðaráðs á fundum stjórnar á meðan á veikindaleyfi Huldu Sólrúnar Guðmundsdóttur stendur. Stjórn BÍS sendir Huldu baráttukveðjur og vonar að hún komi sem fyrst aftur til starfa.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, dagskrárráðs, fræðsluráðs, fundargerðir afmælisársnefndar, fararstjórnar Jamboree 2011 og forvarnardagsins: Lágu frammi.
4. Forvarnardagurinn: Eins og áður hefur komið fram verður forvarnardagurinn 3. nóvember og verður skipulag með svipuðu sniði og undanfarin ár. HS annast samskipti við verkefnið.
5. Formannafundur BÍS og Slysavarnafélagsins Landsbjargar: Fundurinn var haldinn 14. október og kom þar fram að mikill vilji er hjá stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar á góðu samstarfi, en hins vegar er ljóst að viðhorfið er misjafnt eftir aðildarsveitum og að BÍS þarf að kynna sína starfsemi vel á þeim vettvangi og hvaða fletir séu mögulegir á samstarfi um unglíngamál. Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar er einnig áhugasöm um aukið samstarf á Úlfljótsvatni.
6. Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómsundastarfi: Lögð var fram álitgerð dr. Ragnhildar Helgadóttur, prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík, sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Æskulýðsráð. Þetta er mjög gagnleg álitgerð sem kynna þarf vel í skátafélögunum.
7. Bland í poka: Mikill áhugi virðist vera í skátafélögunum og skráning orðin góð. Undirbúningur er í góðum farvegi.
8. Svarbréf frá SSR vegna vinnuhóps ÍTR lagt fram: Móttekið, stefnt er að fundi með stjórn SSR í byrjun næsta árs.
9. Landsmót skáta 2012: Rætt um forsendur fjárhagsáætlunar og út frá hvaða viðmiðum á að verðleggja mótið. Vísað til mótsstjórnar til frekari úrvinnslu.
10. Leiðbeiningar og reglur um öryggi í upplýsingatækni: Stjórn BÍS samþykkir fyrirbyggjandi tillögur HS.
11. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2011: PAM fór yfir.
12. Heimsping WAGGGS 2014: WAGGGS leitar að bandalagi til að halda heimsping WAGGGS árið 2014. HS falið að kanna hvert er umfang verkefnisins og hvort hagstætt geti verið fyrir BÍS að taka þetta verkefni að sér.
13. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarbók.
14. Sakavottorð og drengskaparheit: Rædd var nauðsyn þess að allir skátaforingjar og starfsmenn skátahreyfingarinnar undirriti drengskaparheit og yfirlýsingu sem heimilar

BÍS að leyta upplýsinga um þá hjá sakaskrá og lögreglu árlega. HS falið að útbúa eyðublöð sem félögin geta notað.

15. Vika 43: Þetta er árlegt vímuvarnarverkefni sem BÍS er aðili að. Opnun vikunnar verður í Þjóðleikhúsinu þriðjudaginn 26. október og í framhaldinu verður frumsýning á leikverkinu „Hvað ef“. Einnig verður málþing um þetta mál á fimmtudagsmorgni. JA er tengiliður BÍS við verkefnið.
16. Ef við lítum yfir farinn veg: Þetta er yfirskrift málþings, í tilefni 100 ára kvenskátastarfs í heiminum, sem haldið verður þriðjudaginn 2. nóvember í Háskólanum í Reykjavík. Undirbúningur gengur vel og meðal þeirra sem þarna munu tala eru Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti, Raket Olsen, forstjóri, Margrét Pála Ólafsdóttir, Hjallastefnunni og María Ellingsen, leikari.
17. Björgun 2010: Skátahöfðingja hefur verið boðið að vera við setningu ráðstefnunnar Björgun 2010, sem Slysavarnafélagið Landsbjörg heldur dagana 22.-24. október.
18. Forsetamerkisafhending: Athöfnin fer fram í Bessastaðakirkju laugardaginn 23. október kl. 13:00. Í ár munu 15 skátar fá merkið afhent.
19. Fánatími, fyrirspurn frá Alþingi: Nefndasvið Alþingis hefur óskað eftir umsögn BÍS um þingsályktunartillögu um breytingar á fánalögum. HS falið að svara.
20. Æskan rödd framtíðar: Menntamálaráðuneytið gengst fyrir þessari ráðstefnu 28.-29. október þar sem fjallað verður um niðurstöður samnorrænnar rannsóknar á högum og líðan ungs fólks á norðurlöndunum sem unnin var í formennskutíð Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2009.
21. Önnur mál: Engin önnur mál.
22. Umfjöllunarefni: Skátaþing: Rætt var um drög að dagskrá Skátaþings 2011 og umgjörð þingsins. Samþykkt að vinna áfram með fyrirbyggjandi tillögur.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði JA